

Búnaðarfélagið Bjarmi

Vöðlum

425 Flateyri

Ísafjarðarbær

b/t formanns Bæjarráðs

Hafnarstræti 1

400 Ísafirði

16. desember 2017.

Efni: Umsókn um vetrarþjónustu við Ingjaldssand (jaðarbyggð).

Samgöngu erfiðleikar teljast ekki til tíðinda að vetri til við Ingjaldssand. Einn félagsmanna okkar , Elísabet Pétursdóttir, hefur heilsársbúsetu á Sæbóli og rekur þar fjárbú.

Búnaðarfélagið Bjarmi leggur sig fram um að gæta hagsmuna félagsmanna sinna sem eru rúmlega 70 talsins í dreifbýli Ísafjarðarbæjar. Í ljósi þess að almennar reglur um vetrarþjónustu (snjómokstur) í dreifbýli Ísafjarðarbæjar ná ekki til leiðarinnar frá Núpi í Dýrafirði til Ingjaldssands þá óskar Búnaðarfélagið Bjarmi hér með eftir því að Ísafjarðarbær komi á fót og láti framkvæma lausn sem leysi takmarkaðar samgöngur við Ingjaldssand yfir vetrarmánuðina frá 1. nóv. – 1. maí.

Í samráði við Elísabetu Pétursdóttir, ábúanda á Sæbóli Ingjaldssandi leggur Búnaðarfélagið Bjarmi til að Ísafjarðarbær semji við t.d. Björgunarsveit eða sveitir í bæjarfélaginu um tvær ferðir í mánuði til að koma vistum og eða öðrum nauðsynjum og eftir atvikum að flytja ábúanda fram og til baka. Leitast verði við að framkvæma slíka lausn á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til veðurfars og snjóalaga og í samráði við ábúanda. Við bendum jafnframt á að með slíku fyrirkomulagi safnast reynsla og þekking á þessari leið sem er dýrmæt ef til neyðartilfellis kæmi á Ingjaldssandi.

En ef aðstæður eru þannig að hvorki er fært á jeppum né sleðum, þá verði fundin önnur lausn.

Með von um góðar undirtektir.

F.h. Búnaðarfélagsins Bjarma.

Ábúandi á Sæbóli.